

Jafnrétti við Menntaskólann á Ísafirði

I. Jafnréttisstefna

Menntaskólinn á Ísafirði er vinnustaður sem hefur jafnrétti að leiðarljósi. Jafnréttisstefna skólans er ætlað að stuðla að jafnri stöðu einstaklinga innan skólans, þ.e. starfsfólks og nemenda, og vinna gegn hvers kyns misrétti. Hún er byggð á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Áhersla er lögð á að jafnrétti sé túlkað í breiðum skilningi. Einstaklingar eiga að hafa jöfn tækifæri óháð kyni, kynhneigð, aldri, búsetu, fötlun og þjóðerni. Þessi listi er þó engan veginn tæmandi. Í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag skal taka mið af grunnþáttum aðalnámskrár (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun). Þeir eiga að vera sýnilegir í öllu skólastarfi og þannig birtast í inntaki námsgreina og námssviða.

II. Jafnréttisnefnd

Helstu verkefni jafnréttisnefndarinnar eru að hafa eftirlit með að skólinn fari að lögum og reglum í jafnréttismálum og að hafa eftirlit með að jafnréttisáætlun skólans sé fylgt eftir.

Önnur verkefni nefndarinnar eru að:

- endurskoða jafnréttisstefnu skólans annað hvert ár,
- vinna að gerð aðgerðaáætlunar í samstarfi við yfirmenn og aðra starfsmenn skólans,
- fylgjast með framgangi verkefna innan skólans sem lúta að jafnréttismálum
- hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim,
- fylgjast með umræðu um jafnréttismál eftir því sem við verður komið,
- koma á framfæri hugmyndum og fræðslu sem stuðla að auknu jafnrétti innan skólans.

Starfandi í jafnréttisnefnd eru þrjú fulltrúar starfsmanna, tveir frá kennurum og einn frá öðrum starfsmönnum og gegnir einn þeirra stöðu formanns. Þá eru einnig í nefndinni tveir fulltrúar nemenda. Kosið er á fyrsta kennarafundi á skólaárinu, og nefndin er starfandi í tvö ár. Stjórn nemendafélags tilnefnir sína fulltrúa. Stefnt skal að því að hlutfall kynjanna verði jafnt eins og kostur er. Á fundum jafnréttisnefndarinnar eru fulltrúar nemenda viðstaddir þegar málefni sem snerta þá eru til umræðu, og formaður nefndar tekur ákvörðun um það.

III. Jafnréttisáætlun

Farið er eftir jafnréttislögum nr. 10/2008 við gerð jafnréttisáætlunar Menntaskólans á Ísafirði. Sérstök áhersla er lögð á banni við hverskonar mismunun á grundvelli kyns í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum í 28. gr. laganna. Ber að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Jafnréttisstefnunni er hrundið í framkvæmd með þessari áætlun. Með jafnréttisáætluninni er kveðið á um það hvernig stjórnendur, kennarar, starfsmenn og nemendur geta unnið að jafnrétti og þar með bættum samskiptum og líðan alls skólasamfélagsins. Starfsfólki og nemendum skal einnig auðveldað að samræma fjölskylduábyrgð í starfi sínu og námi. Í jafnréttisáætlun felst viðurkenning á því að nauðsynlegt sé að grípa til sérstakra aðgerða til að jafnrétti náist. Jafnréttisáætlanir eiga að vera formlega samþykktar á starfsmannafundi og kveða á um markmið og aðgerðir sem hafa jafnrétti að leiðarljósi.

Árlega gerir nefndin grein fyrir hvort jafnréttisstefnunni hefur verið framfylgt og gerir athugasemdir þegar þurfa þykir. Áætlunina ber að endurskoða á tveggja ára fresti og er hún í framhaldi af því lögð til samþykktar á starfsmannafundi.

Skólinn sem vinnustaður

Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að starfsmönnum verði ekki mismunad eftir kyni, aldri, menntun, starfsreynslu o.fl.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Kynjajafnréttis sé gætt við úthlutun hvers konar þóknunar og hlunninda, beinna og/eða óbeinna. Einnig skulu kynin njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár sbr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

19.gr. Launajafnrétti.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerðir	Eftirfylgni/tími
Karlar og konur njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Skólameistari Samstarfsnefnd	Að setja skýr viðmið við ákvörðun launa svo að þau eru öllum ljós í stofnana-samningi	Þegar eldri stofnanasamningur rennur út haustið 2016
	Jafnréttisnefnd	Að fara yfir nýjan stofnanasamning	Þegar nýi stofnanasamningurinn er samþykktur
	Jafnréttisnefnd í samráði við fjármálastjóra	Greining á launum starfsfólks	Í október annað hvert ár og þá frá og með árinu 2016 að telja.
Tryggja að kynin hafi jafnan aðgang að yfirvinnu	Jafnréttisnefnd	Að gera úttekt á yfirvinnu starfsfólks með gögnum frá fjármálastjóra og könnunum.	

Auglýsingar og upplýsingagjöf

Í auglýsingum skulu störf vera ókyngreind og allir einstaklingar hafa jafna möguleika á að sækja um þau. Hér er ekki eingöngu átt við starfsmenn skólans heldur einnig þau störf sem heyrast undir nemendafélagið. Verði misbrestur á því að jafnréttis sé gætt ber að upplýsa um slíkt og einnig hvernig og með hvaða hætti á að bregðast við því.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerðir	Eftirfylgni/tími
Að auglýsingar séu óháðar kyni, trú, uppruna, aldri, o.s.frv.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Stjórn nemendafélagsins	Fara skal yfir auglýsingar frá skólanum. Upplýsa um misbresti á jafnréttislögum sem eiga sér stað	Jafnréttisnefnd fylgist með því að aðgerðir eigi sér stað. Hún á einnig að fara árlega yfir stöðuna og gera athugasemdir ef með þarf

Þátttaka í nefndum og ráðum

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum skólans og nemendafélagsins skal tilnefna bæði kyn ef kostur er og taka mið af 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynja nr. 10/2008. Þetta á reyndar við um jafnrétti í víðasta skilningi orðsins. Skólinn leggur áherslu á að

einstaklingum verði ekki mismunað við úthlutun verkefna, tilfærslu í störfum, tækifæri til að axla ábyrgð og framgang í störfum.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerðir	Eftirfylgni/tími
Að fólk hafi möguleika að bjóða sig fram í nefndir og ráð óháð kyni, aldri, uppruna, fötlun o.s.frv.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Jafnréttisnefnd Nemendafélagið	Hvetja bæði kyn til að sækja um störf í nefndum og ráðum. Yfirlit verði birt yfir hlutfall kynja í nefndum og ráðum innan skólans.	Jafnréttisnefnd kynni yfirstjórn og starfsfólki stöðuna annað hvert ár. Það sama á við um fulltrúa nemenda í jafnréttisnefnd gagnvart nemendum.

Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið á að meta til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið við stöðuveitingar. Stefnt skal að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynja í störfum innan skólans. Þess verði gætt að einstaklingum sé ekki mismunað við úthlutun verkefna eða þegar teknar eru ákvarðanir um framgang í störfum.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Til að tryggja að svo megi vera þarf að skýra endurmenntunarstefnu skólans í starfsmannastefnu hans og safna skipulega upplýsingum um endurmenntun starfsfólks. Leitast þarf við að höfða til beggja kynja í tilboðum er lúta að starfsþjálfun og endurmenntun.

20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerðir	Eftirfylgni/tími
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða. Að jafna fjölda karla og kvenna í sambærilegum störfum innan skólans. Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Jafnréttisnefnd	Tekið skal saman yfirlit yfir hlutfall kynja í öllum starfshópum. Skoða annað hvert ár ráðningar, úthlutun verkefna og tilfærslur innan skólans. Verði vart við mismunun skal stjórnendum kynnt málið til úrlausnar.	Jafnréttisnefnd fari yfir stöðu mála annað hvert ár. Jafnréttisnefnd kynni yfirstjórn og starfsfólki stöðuna.

aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.			
--	--	--	--

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Mikilvægt er að allir hafi jafna möguleika á að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð. Koma skal til móts við starfsfólk með því að gefa, eins og kostur er sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu. Bæði kyn eru hvött til að nýta sér fæðingarorlof og foreldrar eru hvattir til að skipta með sér veikindadögum barna.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerðir	Eftirfylgni/tími
Vinnutími er sveigjanlegur þar sem við á og yfirvinnu skal stillt í hóf	Skólameistari	Kennarar beri ábyrgð á sinni undirbúningsvinnu, óháð stund og stað	Jafnréttisnefnd gerir könnun annað hvert ár
Fundir eru haldnir á dagvinnutíma	Skipuleggjandi funda		Alltaf
Fæðingarorlof er nýtt jafnt af konum og körlum	Skólameistari	Starfsfólk er hvatt til að nýta sér rétt til fæðingarorlofs. Kynnt nýju starfsfólki og verðandi foreldrum	Jafnréttisnefnd gerir könnun annað hvert ár

Einelti, áreitni og ofbeldi

Allir nemendur og starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki einelti, áreitni og/eða ofbeldi. Með þessu er átt við kynbundið, kynferðislegt, andlegt ofbeldi og/eða einelti. Áreitni er hvers kyns móðgandi hegðun, sem tengist þeim sem fyrir henni verður óháð m.a. kyni, kynhneigð, aldri, búsetu, fötlun og þjóðerni. Áreitnin er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin og/eða táknræn.

Telji starfsfólk sig verða fyrir áreitni af hvers kyns tagi má t.d. leita til trúnaðarmanna, jafnréttisnefndar og/eða stjórnenda eins og fram kemur í starfsmannastefnu. Nemendur sem telja sig verða fyrir áreitni og/eða einelti geta leitað til náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings, umsjónarkennara og/eða skólastjórnenda.

Einnig er hægt að tilkynna um einelti á heimasíðu skólans http://misa.is/eineltisaaetlun/tilkynning_um_grunur_um_einelti-ofbeldi/.

Starfsfólk og nemendur standi vörð um að áreitni og einelti eigi sér ekki stað í skólanum.

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerðir	Eftirfylgni/tími
að skólinn taki markvisst á þeim málum sem koma upp og ljúki þeim	Skólastjórnendur Náms- og starfsráðgjafar	Vinna skal skv. eineltisáætlun skólans og unnið með fagaðilum, þar sem við á, að úrlausn mála.	Jafnréttisnefnd gerir könnun árlega
að sporna gegn hvers kyns áreitni, ofbeldi og einelti við MÍ Koma í veg fyrir að starfsfólk / nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum / skólanum.	Skólastjórnendur Náms- og starfsráðgjafar	að afla upplýsinga meðal starfsfólks og nemenda um einelti, áreitni og ofbeldi; að efla þekkingu á einkennum og afleiðingum eineltis, áreitni og ofbeldi fyrirlestrar og námskeið um einelti, ofbeldi, fordóma, meðvirkni, aðgerðaleyfi o.fl. fræðsla um rétt viðbrögð við hvers kyns ofbeldi og/eða áreiti kynning á lögum um brot sem varða ofbeldi og áreitni	Stöðumat árlega. Jafnréttisnefnd fari yfir stöðuna árlega með könnun.

Starfsmannastefna

Jafnréttissjónarmið og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna verða að vera virkur þáttur í starfsmannastefnu skólans. Í starfsmannastefnunni þarf meðal annars að taka mið af jafnrétti þegar fjallað er um líðan starfsfólks á vinnustað og starfsanda. Einnig þarf í starfsmannastefnu að vera ljóst hvernig starfsfólki er gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur

gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið. Jafnréttisáætlun og starfsmannastefna skólans verða að vera samhljóma. Til að gæta jafnréttissjónarmiða er það eitt af hlutverkum jafnréttisnefndar að vera til ráðgjafar við endurskoðun starfsmannastefnu hverju sinni.

Skólinn sem menntastofnun

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til náms við skólann. Auglýsingar um námsbrautir, námsbrautalýsingar og áfangalýsingar skulu höfða til beggja kynja og sporna gegn kynjabundnum staðalmyndum. Nemendum skal einnig auðveldað að samræma fjölskylduábyrgð námi sínu.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerðir	Eftirfylgni/tími
Að karlar og konur hafi sömu tækifæri til náms. Aðgengi að námi sé óháð kyni og kynin verði hvött til að fara óhefðbundnar leiðir í námsvali sínu.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Áfangastjóri	Brjóta upp staðalmyndir í auglýsingum um námsval t.d. stúlka í verknámi og piltur í sjúkraliðanámi	Stöðumat árlega
	Jafnréttisfulltrúi Jafnréttisnefnd	Fá reglulega upplýsingar frá stjórnendum MÍ	Stöðumat árlega. Jafnréttisnefnd kynni stöðuna.

23. gr. jafnréttislaga / menntun og skólastarf:

Nemendur MÍ skulu fá fræðslu um jafnrétti t.d. kynjajafnrétti, kynhneigð og þjóðerni. Í þeirri fræðslu skal leggja áherslu á styrkleika þeirra, skyldur og réttindi. Að allir einstaklingar eigi að hafa jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði, kynhneigð, þjóðerni o.fl.

Mikilvægt er að nemendur af báðum kynjum komi fram fyrir hönd skólans. Við val á einstaklingum verði gætt fyllsta jafnréttis.

Kennarar Menntaskólans á Ísafirði leitist við að hafa jafnrétti að leiðarljósi í kennslu sinni.

Jafnréttismiðuð kennsla felur í sér að kennarar haldi vöku sinni í jafnréttismálum og felur m.a. í sér að:

- **jafnrétti í kennsluháttum:**
 - námsefni mismuni ekki eftir kyni, kynhneigð, þjóðerni o.fl.

- velja fjölbreyttar kennsluaðferðir
- námsefni sé skoðað út frá mörgum sjónarhornum og þess gætt að vitna í sérfræðinga af báðum kynjum og af ýmsum þjóðernum ef tök eru á,
- velja bókmenntatexta sem geri kynjunum jafnhátt undir höfði,
- fjalla á gagnrýninn hátt um úrelt kynjahlutverk sem birtast í bókmenntatextum og kennslubókum,
- fjalla um bókmenntir bæði eftir karla og konur, og af ýmsum þjóðernum
- nemendum kenndar leiðir til að koma auga á og vinna gegn misrétti
- **Stefnumótun í jafnréttiskennslu og fræðslu:**
 - taka tillit til þess að nemendur geti haft misjöfn áhugamál og ólíka reynslu,
 - í námsgreinum þar sem öðru kyninu gengur almennt betur, séu markvisst notaðar aðferðir og efni sem hvetja alla nemendur til dáða,
 - sjálfstyrking og tjáning verði sjálfsagður hluti námsins,
 - áhersla sé lögð á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs,
 - ekki sé gert ráð fyrir að allir nemendur séu gagnkynhneigðir né af sama þjóðerni,
 - skólafólk sé til fyrirmyndar um jafnréttissinnaða framkomu, til dæmis að stelpur og strákar séu spurð álíka oft og þeim kennt af jafnmikilli dýpt og sérhæfingu
- **Ráðgjöf í skólanum skal leitast við að kynna bæði stúlkum og piltum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf.**

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nemendur og starfsfólk fái fræðslu um jafnréttismál	Sérstakur dagur á haustönn verði nýttur til fræðslu og náms um jafnrétti	Jafnréttisnefnd	Jafnréttisdagur – 3. nóvember 2016, 2017 og 2018
Jafnrétti í kennsluháttum	Kennarar hvattir til að hafa jafnrétti að leiðarljósi í kennsluháttum	Jafnréttisnefnd	Í byrjun skólaárs. Ekki seinna en í lok september
Jafnrétti í kennsluháttum	Könnun meðal kennara og nemenda um jafnrétti í kennsluaðferðum, námsefni o.fl.	Jafnréttisnefnd	Gerir könnun annað hvert ár
Jafnrétti í kennsluháttum	Fræðsla og/eða námskeið fyrir kennara um jafnrétti hvað námsefni og kennsluaðferðir snertir	Jafnréttisnefnd	Í byrjun skólaárs annað hvert ár
Stefnumótun í jafnréttiskennslu og fræðslu	Við alla stefnumótun, áætlanagerð, faglega umræðu og ákvarðanatöku verði jafnrétti haft að leiðarljósi	Skólastjórnendur og jafnréttisnefnd	Á öllum starfsmannafundum, kennarafundum og fagfundum

Strákar og stelpur fá fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Kennsla og fræðsla í náms- og starfsfræðslu, hvort sem það er í sér áfanga eða hluti af öðrum áföngum	Náms- og starfsráðgjafi	Í kennslustundum

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið í MÍ skal hann leita til námsráðgjafa/jafnréttisnefndar eða stjórnenda sem í sameiningu finna hverju máli farveg.

Framkvæmdaáætlun skal gerð annað hvert ár.

Eftirfylgni

Jafnréttisnefnd fylgir því eftir að unnið verði samkvæmt jafnréttisáætlun skólans. Undir lok hvers almanaksárs er staða aðgerða samkvæmt áætluninni metin. Nefndin geri stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans grein fyrir stöðunni á starfsmannafundi í byrjun vorannar ár hvert.

Jónína Margrét Guðbjartsdóttir, formaður
Páll Gunnar Loftsson, meðstjórnandi
Emil Ingi Emilsson, ritari